

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(TBE, ÁBG, JFF, VilÁ, SpÁ).

20. gr. orðist svo:
Á eftir ártalinu „2023“ í ákvæði til bráðabirgða XVI í lögnum kemur: og árið 2024.
- Við XVII. kafla bætist ný grein sem verði 25. gr., svohljóðandi:
Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 66. gr. laganna:
 - Í stað „16,78%“ í 1. tölul. kemur: 16,55%.
 - Í stað „23,28%“ í 2. tölul. kemur: 23,05%.
 - Í stað „31,58%“ í 3. tölul. kemur: 31,35%.
 - Í stað „23,28%“ tvívegis í 4. tölul. kemur: 23,05%.
- Við 25. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað tilvísunarinnar „11. og 13. másl.“ í 5. mgr. kemur: 12. og 14. másl.
- Á eftir 8. tölul. 26. gr. komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
 - 21% af tekjuskattsstofni lögaðila, sbr. b-lið 11. tölul. 70. gr.
 - 38,4% tekjuskattsstofni ef um aðra lögaðila er að ræða, sbr. c-lið 11. tölul. 70. gr.
- Við 27. gr.
 - Á eftir n-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „2.400 kr./tæki“ þrívégis í við-aukanum kemur: 3.900 kr./tæki.
 - Á eftir q-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „8.000 kr./tæki“ tíu sinnum í við-aukanum kemur: 13.000 kr./tæki.
 - Í stað „15.500 kr./tæki“ í v-lið komi: 45.500 kr./tæki.
- Í stað „5%“ í 30. gr. komi: 4,3%.
- Í stað „30. og 31. gr.“ í 2. mgr. 32. gr. komi: 31., 32. og 38. gr.
- Við bætist fjórir nýir kaflar, XXII. kafli, **Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993**, með einni nýrri grein, 33. gr., XXIII. kafli, **Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998**, með einni nýrri grein, 34. gr., XXIV. kafli, **Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987**, með einni nýrri grein, 35. gr., og XXV. kafli, **Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995**, með þremur nýjum greinum, 36. gr., 37. gr. og 38. gr., svohljóðandi:
 - (33. gr.)
Við 2. mgr. 81. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem fellur utan samninga sem gerðir eru á grundvelli 1. mgr. 30. gr.
 - (34. gr.)
Við 19. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um sérstök verkefni og stuðning sem fellur utan samninga skv. 3. gr.

c. (35. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað „16,78%“ í a-lið kemur: 16,55%.
- b. Í stað „23,28%“ í b-lið kemur: 23,05%.
- c. Í stað „31,58%“ í c-lið kemur: 31,35%.

d. (36. gr.)

Í stað „1,21%“ í 2. tölul. c-liðar 8. gr. a laganna kemur: 1,44%.

e. (37. gr.)

Í stað „14,74%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 14,97%.

f. (38. gr.)

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 24. gr. skal sveitarstjórn ákveða fyrir 30. desember 2023 hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á árinu 2024, sbr. 1. mgr. 23. gr., svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármála- og efnahagsráðuneyti eigi síðar en 30. desember 2023.